



Borgarstjórn Reykjavíkur

Reykjavík, 16. apríl 2024.

Ályktun samþykkt á aðalfundi Íþróttafélagsins Leiknis

Hjálagt er ályktunartillega samþykkt á aðalfundi Íþróttafélagsins Leiknis sem fram fór í Leiknisheimilinu 15. apríl sl.

Virðingarfyllt,
f.h. Íþróttafélagsins Leiknis

framkvæmdastjóri



Ályktun samþykkt á aðalfundi Íþróttafélagsins Leiknis

Aðalfundur Íþróttafélagsins Leiknis í Reykjavík, haldinn í Leiknisheimilinu Austurbergi 1, 111 Reykjavík 15. apríl, óskar eftir því að borgarstjórn Reykjavíkur hefji samtal við félagið um stuðning sem jafngildir þeim stuðningi sem hverfisfélög í borginni fá með stöðugildi íþróttafulltrúa.

Leiknir sendi 17. júlí sl. bréf til Íþróttabandalags Reykjavíkur, með afriti til borgarstjórnar Reykjavíkur, þar sem óskað var eftir stöðu hverfisfélags. Niðurstaða hefur ekki fengist og í reynd aðeins almennt samtal átt sér stað við fulltrúa Íþróttabandalags Reykjavíkur og fulltrúa menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar um erindið án nokkurs framgangs.

Leiknir hefur starfað í hverfi 111 í Reykjavík í rúm 50 ár og hefur verið athvarf barna í íþróttum allan þann tíma. Margar íþróttagreinar hafa verið stundaðar og núna er félagið með starfsemi í badminton, blaki, borðtennis, fótbolta og körfubolta auk starfs opið almenningi til íþróttar.

Mikilvægi íþróttar fyrir börn og ungmenni er óumdeilt. Það finnst ekki það hverfi í Reykjavík og í reynd á Íslandi þar sem íþróttastarfsemi er eins krefjandi og í efra Breiðholti vegna íbúasamsetningar. Það er vel þekkt að íþróttir skipta sköpum til að sameina íbúa samfélags, auka skilning milli fólks af ólíku þjóðerni og jafna stöðu fólks sem að hluta býr við félagslega veika stöðu eins og í efra Breiðholti. Starf Leiknis hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið í áratugi en um leið er ljóst að íbúapróun og íbúasamsetning síðustu ár í efra Breiðholti gefur íþróttastarfi Leiknis stóraukið vægi. Forvarnargildi íþróttar á ýmsum sviðum er einstakt og viðurkennt.

Það bitnar á íþróttastarfi Leiknis að njóta ekki stuðnings eins og stöðugildis íþróttafulltrúa sem í reynd gerir ekki annað en að bitna á íbúum í efra Breiðholti. Stuðningur Reykjavíkurborgar er því ekki bara mikilvægur heldur nauðsynlegur til að jafna möguleika barna í efra Breiðholti til skipulegs íþróttastarfs.